



Jólaglugginn

13. desember kl. 10:30 opnum við í Álfheimum jólagluggann sem er liður í „Jól í Árborg“ þar sem fyrirtæki og stofnanir í Árborg telja niður dagana til jóla með því að opna einn jólaglugga á dag frá 1. desember. Jólagluggi Álfheima verður staðsettur á hliðinu á Enginu sem er á horni Reynivalla og Engjavegs.

Á döfinni

- 28. nóvember - Bókasafns eða Kirkjuferð
- 2. desember - elstu börnin kveikja á jólaljósum í Tryggvagarði.
- 13. desember - jólaglugginn opnaður
- 13. desember - 31 árs afmæli
- 13. desember - rauður dagur
- 17. desember - Litlu jólin

Álfheimar 31 árs

Þann 13. desember er liðið 31 ár frá því að leikskólinn Álfheimar tók til starfa.



Rauður dagur

13. desember er rauður dagur í Álfheimum. Þá klæðumst við rauðum fatnaði, syngjum jólalög og hlustum á jólasveinasögur.



Opið hús

13. desember 2019 verður leikskólinn Álheimar 31 árs. Í tilefni af afmælinu ætlum við að gera okkur glaðan dag og bjóða gestum og gangandi að kíkja í heimsókn til okkar milli 14:00 og 16:00

Nýjar deildir

1. nóvember voru nýju deildirnar okkar, Huldusteinn og Mánasteinn teknar í notkun. Á Huldusteini eru börn fædd 2018 og á Mánasteini eru börn fædd 2015 og 2017.

Fyrir áhugasama þá verður opið hús í öllum leikskólanum 13. desember kl. 14:00-16:00 þar sem gefst tækifæri til að skoða bæði nýjar og gamlar deildir 😊

Framkvæmdir

Framkvæmdir við nýja starfsmannaálmú ganga vel. Við bendum á að nóg er af bílastæðum við fótboltavöllinn og hægt að ganga í gegnum garðinn fyrir þá sem það vilja.

Kveikt á jólaljósunum í Tryggvagarði

Elstu börn leikskólans fara mánudaginn 2. desember í Tryggvagarð ásamt fleiri börnum í Árborg þar sem verður kveikt á jólaljósunum á jólaténu í Tryggvagarði.

Jólaglugginn

Jólaglugginn okkar verður opnaður 13. desember klukkan 10:30. Glugginn verður staðsettur á hliðinu á horni Engjavegar og Reynivalla.

Bókasafns eða kirkjuferð

Fimmtudaginn 28. nóvember fara árgangar 2014, 2015 og 2016 í vettvangsferð í Selfosskirkju eða á Bókasafnið.

Aðfaranótt 12. desember kemur Stekkjastaur til byggða fyrstur af þeim þrettán bræðrum. Á Íslandi er sú hefð að börn setja skóinn út í glugga og jólasveinarnir færa þeim gjafir.

Við vonum að jólasveinarnir gæti hófs í gjöfum sínum og biðjum foreldra og börn um að geyma skógjafir heima.

Litlu jólin

Litlu jól Álfheima verða haldin í sal Vallaskóla þriðjudaginn 17. desember kl. 14:30.

Jólasveinar koma í heimsókn og dansað í kringum jólatréð.

Allir velkomnir.

Fundagerð frá fundi í foreldraráði

27. nóvember 2019

Mættir: Jóhanna, Gunna Stella, Salóme og Erna Karen.

- Rætt um starfsskýrslu 2019-2020. Foreldraráð samþykkir skýrsluna
- Rætt um hvernig haustið hefur gengið. Mikið að nýju starfsfólki, fínu fólki, en það vantar fagfólk. Búið að opna tvær nýjar deildir Mánastein og Huldustein. Búið að ráða allt starfsfólk sem þarf að ráða
- Búið að láta foreldra fá miða þar sem þeir velja hvort börnin þeirra fara vettvangsferð í Kirkjuna eða á bókasafnið 28. nóvember.
- Foreldraráð óskar eftir að ef það komi upp njálgur eða lús að foreldrar fái að vita á hvað deild lús eða njálgur kemur upp.

Fundi slitið 9:00

Stjórn foreldrafélags Álfheima 2019-2020

Ásthildur Þorsteinsdóttir

Júlíana Gústafsdóttir Eriksson

Sigurbjörg Eva Sigurðardóttir

Þórunn Lía Guðnadóttir

Eydís Berglind Baldvinsdóttir

Edvardo Eðvarð Ferez

Rakel Lind Hjartardóttir

Sunna Kristín Óladóttir

Foreldraráð Álfheima 2019-2020

Erna Karen Óskarsdóttir

Salóme Huld Gunnarsdóttir

Gunnhildur Stella Pálmarsdóttir